

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að settar verði gangbrautarmerkingar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, á Vonarstræti móts við Ráðhús Reykjavíkur.
2. Að afmarkað verði bílastæði fyrir hreyfihamlaða að Kleppsvegi 6.
Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að einstefna verði í Mjólnisholti frá Brautarholti að Ásholti 34 og í Ásholti frá Laugavegi að Brautarholti.
Einstefnan er táknuð með umferðarmerkinu D07.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 4. ágúst 2017,

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2017